

EFNISYFIRLIT

1 Inngangsorð	2
2 Efnidir kröfu	2
3 Vanefndir og afleiðingar þeirra	3
4 Samningsbundin vanefndaúrræði og tilgangur þeirra	4
5 Vanefndaákvæði í lánasamningum	5
6 Gjaldfellingarákvæði	6
6.1 Almenn atriði	6
6.2 Sérlæg	7
6.2.1 Lög um ábyrgðarmenn nr. 32/2009	7
6.2.2 Lög um samningsveð nr. 75/1997	8
6.2.3 Lög um neytendalán nr. 33/2013	8
6.2.4 Lög um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010	9
6.2.5 Lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.....	9
6.2.6 Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936	11
6.3 Sjónarmið í íslenskri réttarframkvæmd	13
6.3.1 Tillitsskylda	13
6.3.2 Tilkygning um gjaldfellingu	13
6.3.3 Lengd greiðsludráttar	15
6.3.4 Lítil hluti heildarskuldar í vanskilum	16
6.3.5 Kröfuhafi hefur áður látið greiðsludrátt óátalinn	17
6.3.6 Vilji og geta til greiðslu	17
6.3.7 Greiðsla bundin ólögætum skilyrðum	18
6.3.8 Tjón kröfuhafa	19
6.3.9 Jafnstæðir aðilar	19
6.4 Afleiðingar gjaldfellingar	20
6.5 Erlend réttarframkvæmd	21
7 Samantekt og lokaorð	23
Heimildaskrá	25
Dómaskrá	26

1 Inngangsorð

Mörg þau sjónarmið sem almennar reglur um vanefndaúrræði byggja á eru háð mati. Samkvæmt meginreglunni um sanningsfrelsi má víkja frá þessum matskenndu reglum með samningi. Með sanningsbundnum vanefndaákvæðum eru skilgreindar fyrirfram þær kringumstæður sem heimila kröfuhafa að beita vanefndaúrræðum. Þau eru til þess fallin að stuðla að meiri fyrirsjáanleika og geta að því leyti samrýmst hagsmunum aðila betur en almennar reglur.¹ Lánasamningar innihalda að öllu jöfnu vanefndaákvæði þ. á m. svonefnd gjaldfellingarákvæði sem heimila kröfuhafa, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að gjaldfella eftirstöðvar sannings verði vanefndir. Í þessari ritgerð verða slík ákvæði til nánari skoðunar.

Almennar skráðar lagareglur um beitingu gjaldfellingarákvæða er ekki að finna í íslenskum rétti.² Markmið ritgerðarinnar er að fara yfir þau sjónarmið sem komið hafa fram um slík ákvæði í sérlögum, fræðiskoðunum og réttarframkvæmd. Að auki verður fjallað um þær afleiðingar sem beiting gjaldfellingarákvæða getur haft í för með sér. Í ljósi þeirrar almennu meginreglu sem gildir um lagaval á sviði samningaréttar verður vikið stuttlega að erlendri réttarframkvæmd til samanburðar við þá framkvæmd sem lögð hefur verið til grundvallar í íslenskum rétti. Í byrjun er þó nauðsynlegt að gera grein fyrir nokkrum grundvallaratriðum er lúta að efndum kröfu og vanefndum almennt.

2 Efndir kröfu

Krafa telst efnd og tilvist hennar jafnframt lokið þegar innt hefur verið af hendi það verðmæti sem kröfuhafi á rétt til. Greiðsla er það verðmæti sem skuldari þarf að inna af hendi til kröfuhafa eða einhvers sem heimild hefur til þess að veita henni viðtöku fyrir hans hönd. Greiðsla er því andlag eða efni kröfuréttinda. Þegar samningur er grundvöllur greiðslu fer það eftir einstökum samningum og samningstegundum hvert eðli þeirrar greiðslu er, sem skuldari á að inna af hendi. Greiðsla getur í raun verið allt sem metið er til fjár, t.d. peningar, hlutur, þjónusta, viðgerð og vinna, nema sérstakar takmarkanir gildi í þeim efnum.³

Forsenda kröfuréttarsambands hlýtur að vera sú að fá kröfu efnda samkvæmt efni sínu. Sú meginregla gildir í íslenskum rétti að kröfuhafi á rétt á því að fá efndir kröfu sinnar í samræmi við aðalefni sannings, þ.e. efndir *in natura*.⁴ Önnur grunnforsenda kröfuréttarsambands er skuldbindingargildi samninga. Sú meginregla hefur lengi verið viðurkennd í rétti flestra þjóða

¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 329.

² Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 221.

³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 97.

⁴ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 26.

að samninga skuli halda eða efna (*l. pacta sunt servanda*). Reglan um skuldbindingargildi samninga er hvergi orðuð í íslenskum rétti en hún er þó kjarni samningaréttarins og grundvöllur þess trausts sem viðskiptalífið byggir á.⁵

Til rétttra efnda heyrir m.a. að krafan sé efnd á réttum stað og tíma. Greiðsla verður að vera innt af hendi til réttis aðila, þ.e. til kröfuhafa eða einhvers sem hefur heimild til að taka við greiðslunni fyrir hans hönd. Auk þess þarf greiðslan að fullnægja þeim gæðaeiginleikum sem gert er ráð fyrir, þ.e. að vera gallalaus. Þá þarf kröfuhafi með efndum að öðlast þá réttarstöðu er leiðir af samningi aðila en annars er um réttarágalla að ræða.⁶

3 Vanefndir og afleiðingar þeirra

Kröfuhafi á rétt á því að skuldari efni að fullu þær skyldur er krafa segir til um. Við fullar efndir er skyldu skuldara lokið og kröfuhafi getur þá einskis frekar af honum krafist. Fáir kröfuhafi hins vegar ekki að fullu greitt, og honum sjálfum verður ekki um kennt eða atvikum sem hann varða, er um vanefnd af hálfu skuldara að ræða. Vanefndir geta haft ýmis konar afleiðingar í för með sér og eru skilyrði þeirra ekki alltaf hin sömu. Oft er greint á milli fjögurra flokka þeirra, þ.e. greiðsludráttur, galli, ómöguleiki og vanheimild.⁷ Kröfuhafi sem telur viðsemjanda sinn ekki hafa efnt skyldur sínar samkvæmt samningi, getur gripið til ýmissa vanefndaúrræða til þess að vernda hagsmuni sína. Þau úrræði sem standa kröfuhafa almennt til boða, að nánari skilyrðum uppfylltum, má flokka í efndir *in natura*, rétt til að halda eftir eigin greiðslu, rifta samningi, fá afslátt eða skaðabætur.⁸

Vanefndaúrræði eru ýmist efndaheimildir eða gagnkvæmisheimildir. Efndaheimildir eru vanefndaúrræði þar sem unnið er að því að ná fram efndum samnings eða ígildi þeirra, t.d. úrræði eins og efndir *in natura*, skaðabætur og dráttarvextir. Gagnkvæmisheimildir taka hins vegar mið af gagnkvæmri greiðsluskyldu, þ.e. þegar greiðsluskylda samningsaðila er háð því að gagnaðili efni einnig sínar skyldur. Með slíkum vanefndaúrræðum er unnið að því að losa kröfuhafa undan efndum samningsins í heild eða að hluta, t.d. þegar kröfuhafi heldur eftir eigin greiðslu, krefst afsláttar eða riftir samningi.⁹ Þegar kröfuhafi neytir gjaldfellingarúrræðis samkvæmt samningi þá er hann í raun að rifta tilteknum hluta hans, þ.e. þess hluta sem varðar greiðslutilhögun. Að því leyti mætti líta á gjaldfellingu samnings sem gagnkvæmisheimild. Í eðli sínu er kröfuhafi þó að ná fram efndum samningsins og því er um efndaheimild að ræða.

⁵ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 24.

⁶ Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason: *Kröfuréttur*, bls. 114.

⁷ Ólafur Lárusson: *Kaflar úr kröfurétti*, bls. 30-31.

⁸ Bernhard Gomard: *Obligationsret 2. del*, bls. 16-19.

⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 17.

Hér að framan hefur verið fjallað um þær almennu reglur sem gilda um vanefndir og afleiðingar þeirra. Þessar reglur taka mið af þeim aðstæðum þegar aðilar hafa ekki samið á annan veg. Samningsaðilar kunna að hafa þörf fyrir önnur úrræði en leiðir af þessum almennu og frávikjanlegu réttarreglum, og reynir þá á hin samningsbundnu vanefndaúrræði.

4 Samningsbundin vanefndaúrræði og tilgangur þeirra

Af meginreglunni um samningsfrelsi (*l. nemo compellitur contrahere*) leiðir að lagareglur á sviði kröfuréttar eru oft frávikjanlegar, þ.e. eiga ekki við ef samningur aðila gefur annað til kynna, sbr. t.d. 3. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir skammstöfuð lkpl.). Samningar gegna þar af leiðandi veigamiklu hlutverki sem réttarheimild við úrlausn ágreiningsefna á þessu réttarsviði.¹⁰ Í kröfurétti er ákveðin verkskipting á milli samninga og lagareglna sem felst í því að samningur aðila ræður réttarsambandi þeirra á milli, á meðan almennar reglur kröfuréttarins eru samningi til fyllingar um þau atriði sem ekki koma fram í honum eða eru að einhverju leyti óljós.¹¹

Aðilar semja oft sín á milli um frávik frá almennum reglum um afleiðingar vanefnda. Í þeim tilvikum ræðst það af efni samnings, skýringu hans og fyllingu, hvað telst til réttra efnda. Þegar kemur að túlkun og fyllingu samnings eru fjölmargar réttarreglur sem unnt er að styðjast við. Sumar þeirra eru ófrávikjanlegar í heild sinni eða að hluta til og takmarka samningsfrelsið annað hvort með því að banna tiltekna samningsskilmála eða kveða á um að tilteknar reglur skuli gilda um samningssamband, sbr. t.d. 1. mgr. 3. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003.¹²

Mörg þau sjónarmið sem almennar reglur um vanefndaúrræði byggja á eru háð mati, t.d. hvort skilyrðinu um verulega vanefnd sé fullnægt í tilviki riftunar. Frá þessum matskenndu reglum má víkja með samningi, t.d. þannig að riftun eigi sér stað sjálfkrafa við tilteknar aðstæður. Hér endurspeglast einn helsti kostur samningsbundinna vanefndaúrræða, að vera til þess fallin að stuðla að meiri fyrirsjáanleika. Að þessu leyti samrýmast samningsbundin vanefndaúrræði betur hagsmunum aðila heldur en almennar reglur.¹³

Það tíðkast að víkja frá almennum reglum hvort sem samningur er einstaklingsbundinn eða staðlaður. Tímafrekt getur verið að semja um öll samningsákvæði í hvert sinn sem samið er og því getur verið hagstætt að notast við stöðluð samningsákvæði.¹⁴ Lánasamningar eru oft á tíðum staðlaðir, a.m.k. að hluta til.

¹⁰ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 42.

¹¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 327-328.

¹² Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 327-328.

¹³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 328-329.

¹⁴ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 328.

Samningsákvæði um vanefndaafleiðingar má finna á flestum sviðum réttarins, m.a. í lánasamningum og verður nú vikið nánar að þeim.

5 Vanefndaákvæði í lánasamningum

Fjármálafyrirtæki þurfa að tryggja hagsmuni sína þegar kemur að vanefndum skuldara, rétt eins og aðrir kröfuhafar. Lánasamningar innihalda að jafnaði samningsbundin vanefndaúrræði, þ. á m. gjaldfellingarheimildir. Með vanefndaákvæðum eru fyrirfram skilgreindar þær kringumstæður sem heimila lánveitanda að beita vanefndaúrræðum. Því fleiri sem hin samningsbundnu vanefndatilvik eru, þeim mun sterkari er staða lánveitanda hvað varðar beitingu vanefndaúrræða samkvæmt samningnum. Hagsmunir lántaka standa á öndverðu meiði við lánveitanda, enda eru líkurnar á vanefndum takmarkaðri þegar samningsbundin vanefndaúrræði eru af skornum skammti.¹⁵

Það fer eftir túlkun á samningi hverju sinni hvað telst vera vanefnd sem heimilar lánveitanda að beita vanefndaúrræðum samkvæmt samningnum, þ.m.t. að gjaldfella lánið. Helstu vanefndatilvik í lánasamningum eru m.a. greiðsludráttur, vanefnd á ákvæðum samnings, vanefnd samkvæmt öðrum samningi (*d. krydsmisligholdelse*), ógjaldfærni lántaka þ.e. þegar eignir hans nægja ekki fyrir skuldum, lántaki veitir rangar eða villandi upplýsingar og að lokum önnur tilvik sem leiða til verulegrar skerðingar á samningi lánveitanda og lántaka (*d. væsentlig forringelse af forhold*).¹⁶

Þegar kemur að íslenskum fræðiskrifum og dómaframkvæmd hefur einkum reynt á gjaldfellingu eftirstöðva skulda þegar vanskil verða á einni afborgun. Hvað varðar gjaldfellingu við önnur vanefndatilvik er lítið að finna í íslenskri réttarframkvæmd. Hins vegar má draga almennar ályktanir af þeirri framkvæmd sem er til staðar og því verður hún til nánari skoðunar hér.

¹⁵ Stefán A. Svansson: „Úrræði lánveitanda við vanefndir lántaka I – Gjaldfelling lánasamninga“, bls. 10-11.

¹⁶ Henrik Kure: *Finansieringsret*, bls. 353.

6 Gjaldfellingarákvæði

6.1 Almenn atriði

Lántaki sem gerir lánsamning við lánveitanda greiðir lánið jafnan niður yfir lengra tímabil þannig að endurgreiðslan skiptist niður í fleiri afborganir. Þegar lántaki vanefnir afborgun á láni verða vanefndaúrræði lánveitanda virk. Í samræmi við almennar reglur kröfuréttarins getur kröfuhafi aðeins krafist skuldara um þá afborgun sem er í vanskilum ásamt dráttarvöxtum og öðrum kostnaði. Kröfuhafi getur hins vegar almennt ekki krafist skuldara um allt lánið nema um slíkt hafi sérstaklega verið samið sbr. *Hrd. 1974, bls. 563*, þar sem kröfuhafa var ekki talið heimilt að gjaldfella skuldabréf vegna vangoldinna innheimtulauna enda ekkert ákvæði þess efnis í skuldabréfinu sjálfu.

Í lánasamningum, einkum þeim sem gerðir eru til lengri tíma svo sem skuldabréfum, eru að jafnaði ákvæði þess efnis að falli ein afborgun í gjalddaga án greiðslu sé öll skuldin í gjalddaga fallin án fyrirvara og uppsagnar (*l. clausula cassatoria*) sbr. t.d. *Hrd. 15. desember 2011 (244/2011)*, þar sem í lánsamningi aðila var kveðið á um að bankanum væri heimilt að segja öllu láninu upp einhliða og fyrirvaralaust og án viðvörunar eða sérstakrar uppsagnar ef vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta höfðu varið 15 daga eða lengur.

Gjaldfelling hefur viss einkenni riftunar enda felur hún í sér riftun á því ákvæði sammings sem snýr að greiðslutilhögun. Úrræðið er sammingsbundið en á sér nokkra hliðstæðu í eftirfarandi lagaákvæðum, 2. mgr. 44. gr. og 2. mgr. 56. gr. lkpl. um afhendingu í áföngum, sbr. 58. gr. og 59. gr. lkpl. En samkvæmt þessum ákvæðum má rifta kaupum vegna fyrirsjáanlegra vanefnda skuldara. Það má því segja að sjónarmið um fyrirsjáanlega vanefnd sé undirstaða gjaldfellingarheimilda.¹⁷

Almennar skráðar lagareglur um beitingu gjaldfellingarheimilda er ekki að finna í íslenskum rétti. Í sérlögum, fræðiskoðunum og réttarframkvæmd hafa ákveðin sjónarmið verið lögð til grundvallar og verður nú vikið nánar að þeim.¹⁸

¹⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 219.

¹⁸ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 221.

6.2 Sérlæg

Í þessum kafla verður farið yfir helstu sérlæg sem gilda um gjaldfellingarákvæði í lánasamningum. Til skoðunar verða lög um ábyrgðarmenn nr. 32/2009, lög um sammingsveð nr. 75/1997, lög um neytendalán nr. 33/2013, lög um greiðsluáðlögun einstaklinga nr. 101/2010, lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 og lög um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936.

6.2.1 Lög um ábyrgðarmenn nr. 32/2009

Ábyrgðir eru ein tegund tryggingarréttinda. Hlutverk þeirra er að tryggja að greiðsla fari fram. Tilvist tryggingarréttinda helgast af því að kröfuhafi, sem hefur t.d. veitt skuldara lán, getur ekki alltaf treyst eingöngu á persónulega greiðslugetu skuldarans og þarf því að afla sér tryggingar fyrir endurgreiðslu lánsins.¹⁹

Í 4. mgr. 7. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 (hér eftir skammstöfuð ábl.) segir að lánveitandi geti ekki, svo að gildi hafi gagnvart ábyrgðarmanni, gjaldfellt lán í heild sinni nema honum hafi áður verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir þess. Í athugasemdum við frumvarp laganna segir að hugsunin að baki 4. mgr. 7. gr. sé sú að ábyrgðarmaður eigi ætíð að eiga þess kost að grípa inn í og greiða gjaldfallna afborgun. Þá segir einnig að lánveitandi beri sönnunarbyrðina um að tilkynningarskyldu hafi verið gætt, enda stendur honum það nær en ábyrgðarmanni.²⁰

Í þessu samhengi má nefna tvo nýlega dóma Hæstaréttar, *Hrd. 19. október 2015 (196/2015)* og *Hrd. 5. nóvember 2015 (229/2015)*. Í báðum tilvikum vanrækti Lánasjóður íslenskra námsmanna skyldur sínar samkvæmt 4. mgr. 7. gr. ábl., með því að tilkynna ábyrgðarmönnum fyrst um vanefndir skuldara eftir að búið var að gjaldfella lánin. Hæstiréttur leit til þess að ábyrgðarmennirnir höfðu getað boðið fram greiðslur á umræddum afborgunum en þar sem þeir gerðu það ekki þá hefðu þeir með því firrt sig rétti til að bera fyrir sig umrætt ákvæði. Að auki taldi Hæstiréttur vanrækslu á tilkynningarskyldu kröfuhafa ekki verulega í skilningi 2. mgr. 7. gr. laganna. Samkvæmt framangreindum dómum skiptir máli hvort ábyrgðarmaður hafi sýnt af sér tómlæti þegar metið er hvort gjaldfelling telst gild gagnvart honum samkvæmt 4. mgr. 7. gr. ábl. Eins og áður kom fram þá er tilgangur ákvæðisins að gefa ábyrgðarmanni kost á að greiða gjaldfallna afborgun. Ef hann dregur það að greiða umrædda afborgun, óháð því hvort honum var tilkynnt um gjaldfellingu áður en hún kom til framkvæmdar eða eftir, þá getur hann glatað rétti til að bera fyrir sig ákvæðið.

¹⁹ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 46.

²⁰ Alþt. 2008-09, A-deild, þskj. 135, 136. lögþ., athugasemdir við 7. gr.

6.2.2 Lög um samningsveð nr. 75/1997

Veðréttindi eru ein tegund tryggingarréttinda, líkt og ábyrgðir. Veðkröfur eru algengar í lánasamningum. Í 9. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 (hér eftir skammstöfuð svl.) er tilgreint í hvaða tilvikum veðhafa er heimilt að gjaldfella veðkröfu, þótt gjalddagi hennar sé ekki kominn. Í athugasemdum sem gerðar voru við frumvarp það er varð að lögum um samningsveð segir að ákvæði 1. mgr. 9. gr. svl. hafi einkenni frávíkjanlegrar uppsagnarreglu og gildi þótt hefðbundið uppsagnarákvæði skorti í veðbréf.²¹ Samkvæmt þessu getur lánveitandi gjaldfellt veðkröfu þrátt fyrir að ákvæði þess efnis sé ekki að finna í samningi aðila. Úrræðið er því ekki einvörðungu samningsbundið að þessu leyti, heldur er það einnig lögbundið. Þrátt fyrir þessa frávíkjanlegu uppsagnarreglu þá getur hagsmunum lánveitanda verið betur borgið þegar samningur inniheldur skýrt gjaldfellingarákvæði. Enda er það til þess fallið að auka fyrirsjáanleika og þannig er hægt að koma í veg fyrir þá óvissu sem fylgir túlkun á 9. gr. svl., t.d. hvað varðar a-lið 1. mgr. um verulega vanefnd.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. svl. er heimilt að víkja gjaldfellingarákvæði í veðsamningi til hliðar í heild sinni eða að hluta til, eða breyta því ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera það fyrir sig. Í athugasemdum við frumvarp svl. segir að sjálfstæð þýðing 3. mgr. 9. gr. svl. sé takmörkuð en ákvæðið hefur þann tilgang að árétta ákvæði III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.²²

6.2.3 Lög um neytendalán nr. 33/2013

Lög um neytendalán nr. 33/2013 (hér eftir skammstöfuð nll.) taka til lánasamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur, sbr. 1. gr. laganna. Í m-lið 4. mgr. 7. gr. nll. er kveðið á um skyldu lánveitanda til að veita neytanda upplýsingar um afleiðingar þess að afborganir láns eru greiddar of seint, svo sem um mögulega gjaldfellingu þess. Í 10. mgr. sömu greinar segir enn fremur að lánveitandi skuli veita neytanda skýringar, svo að hann geti myndað sér skoðun á því hvort lánsamningur falli að þörfum og fjárhagsstöðu hans. Þessi skylda lánveitanda felur í sér að gera grein fyrir upplýsingum sem veita skal áður en samningur er gerður. Í samningnum sjálfum skal einnig koma fram á skýran og hnitmiðaðan hátt hverjar afleiðingar vangoldinna greiðslna eru, sbr. m-lið 2. mgr. 12. gr. nll.

Samkvæmt d-lið 5. mgr. 18. gr. nll. er ekki heimilt að krefjast uppgreiðslugjalds ef ástæðan er gjaldfelling láns af hálfu lánveitanda. Hvað fasteignalán varðar þá gæti orðið breyting á þessu fyrirkomulagi. Þann 26. nóvember síðastliðinn var lagt fram stjórnarfrumvarp til laga um

²¹ Alþt. 1996-97, A-deild, þskj. 350, 121. lögþ., athugasemdir við 9. gr.

²² Alþt. 1996-97, A-deild, þskj. 350, 121. lögþ., athugasemdir við 9. gr.

fasteignalán til neytenda. Samkvæmt 4. tölul. 5. mgr. 36. gr. frumvarpsins verður ekki heimilt að krefjast uppgreiðslugjalds ef ástæðan er gjaldfelling láns sem leiðir til nauðungarsölu veðsettrar fasteignar, ráðstöfunar hennar í gjaldþrotaskiptum skuldara eða annarrar ráðstöfunar sem er liður í skuldaskilum við lánveitanda. Í athugasemdum við 36. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt verði að krefjast uppgreiðslugjalds í öðrum tilvikum en greinir í 4. tölul. 5. mgr. Enn fremur segir að markmiðið með breytingunni sé að tryggja að neytendur geti ekki komist undan því að greiða uppgreiðslugjald með því að vanefna vísvitandi skyldur sínar samkvæmt samningi við lánveitanda.²³

Samkvæmt framangreindu gilda sérreglur um uppgreiðslugjald þegar lánasamningar við neytendur eru gjaldfelldir. Að auki leggja lög um neytendalán ríka áhersla á það að lánveitandi geri lántaka grein fyrir því hvað felst í gjaldfellingarheimildum. Lántaki verður síðan að gera það upp við sig hvort hann sé tilbúinn til að gangast undir slík ákvæði. Samkvæmt 16. gr. laganna hefur neytandi 14 daga til að hætta við lánsamning án þess að tiltaka ástæðu.

6.2.4 Lög um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010

Samkvæmt 2. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010 geta þeir einstaklingar sótt um hana sem sýna fram á að þeim sé, eða verði um fyrirsjáanlega framtíð, ókleift að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar. Þegar umboðsmaður skuldara hefur samþykkt umsókn um greiðsluaðlögun hefst tímabundin frestun greiðslna. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 11. gr. laganna er kröfuhöfum óheimilt að gjaldfella skuldir samkvæmt samningsbundnum úrræðum á meðan þeirri frestun stendur. Í samræmi við markmið laganna, að gera einstaklingum í verulegum greiðsluörðugleikum mögulegt að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu, þá þykir við hæfi að skuldurum sé veittur greiðslufrestur á meðan leitað er greiðsluaðlögunar.²⁴ Sambærilega reglu má finna í 2. mgr. 6. gr. laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði nr. 50/2009.

6.2.5 Lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007

Samkvæmt 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 (hér eftir skammstöfuð fyrnl.) er almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda fjögur ár. Meginreglan er sú að fyrningarfrestur kröfu reiknast frá þeim degi sem kröfuhafi átti fyrst rétt til efnda, sbr. 1. mgr. 2. gr. fyrnl. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna gildir sérregla þegar samningi er rift áður en efndatími hans er kominn, eða krafa er gjaldfelld fyrr en ráðgert var vegna vanefnda skuldara. Í þeim tilvikum reiknast

²³ Þskj. 519, 145. lögþ. 2015-16, bls. 72.

²⁴ Alþt. 2009-10, A-deild, þskj. 1363, 138 lögþ., athugasemdir við 11. gr.

fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi sem kröfuhafi tilkynnir skuldara að hann ætli að beita rétti til riftunar eða gjaldfellingar. Ef kröfuhafi kys að beita ekki þessum úrræðum, þá reiknast fyrningarfresturinn frá þeim gjalddaga sem upphaflega var ákveðinn.

Í athugasemdum við frumvarp það er varð að fyrnl. kemur fram að rökin að baki sérreglunni séu þau að sanningsákvæði eða almennar réttarreglur feli oft í sér umfangsmikla heimild til handa kröfuhafa til að gjaldfella skuld vegna vanefnda skuldara, og því þyki ekki við hæfi að knýja kröfuhafa til þess að beita þessum úrræðum af fullum þunga til þess að forðast hættu á fyrningu. Við þetta hefur almennt verið miðað í réttarframkvæmd. Þó má finna misræmi í niðurstöðum dómstóla.²⁵ Í *Hrd. 1998, bls. 3253 (480/1997)* deildu aðilar um það hvernig bæri að skýra eftirfarandi gjaldfellingarákvæði:

Standi skuldari ekki í skilum með greiðslu afborgana, vaxta, dráttarvaxta eða verðuppbótar skuldarinnar eða verði bú hans tekið til skipta sem þrotabú, er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar.

Kröfuhafi hélt því fram að hann hefði ekki nýtt sér umrætt ákvæði og því hafi skuldin ekki gjaldfallið. Héraðsdómur féllst á þá röksemd með eftirfarandi rökstuðningi:

Ákvæði það í 7. gr. skuldabréfsins, sem stefndu bera fyrir sig til stuðnings kröfu um sýknu, felur það í sér, að stefnandi gat gjaldfellt allt bréfið, er vanskil höfðu orðið. Ákvæði þetta geymdi heimild til handa stefnanda, sem hann nýtti sér ekki. Verður hér að miða við það, að útgefandi bréfsins er skuldbundinn til þess að greiða það samkvæmt efni þess og ábyrgðarmenn í hans stað, standi hann ekki í skilum, og að stefnandi átti val um, hvort bréfið yrði gjaldfellt samkvæmt heimild þessari og innheimtuaðgerðum hagað í samræmi við það.

Hæstiréttur komst hins vegar að andstæðri niðurstöðu í málinu og féllst á þá röksemd skuldara, að engra aðgerða hefði verið þörf af hálfu kröfuhafa til að gjaldfella bréfið, sbr. orðin „án uppsagnar“. Hæstiréttur vísaði einnig til þess að orðalag gjaldfellingarákvæðisins væri fortakslaust. Í þessu máli var Hæstiréttur skipaður þremur dómurum. Þessi niðurstaða er athyglisverð í ljósi þess að fyrr á sama ári, í *Hrd. 1998, bls. 642 (230/1997)*, komst Hæstiréttur að sambærilegri niðurstöðu og héraðsdómur í fyrra máli. Í því tilviki var Hæstiréttur skipaður fimm dómurum en enginn þeirra átti hlut í síðari dómnum. Niðurstaðan í *Hrd. 1998, bls. 642 (230/1997)* var eftirfarandi:

Í veðskuldabréfum Dýpkunarfélagsins hf. var svofellt ákvæði um vanefndir af hálfu skuldunautar: „Ef ekki er staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta á nákvæmlega réttum gjalddögum, er allt lánið í gjalddaga fallið án nokkurs fyrirvara. Sama gildir, ef veðið rýrnar að mun, lagt er á það löghald, gerð í því aðför, það sett á uppboð, bú lántaka

²⁵ Alpt. 2007-08, A-deild, þskj. 67, 135. lögþ., athugasemdir við 2. gr.

eða ábyrgðarmanns, eins eða fleiri, tekið til gjaldþrotameðferðar eða veðið selt.“ Þótt fyrri málsliður þess hljóði um sjálfkrafa gjaldfellingu lánsins, *verður að líta svo á, að skuldareigandi þurfi að öllum jafnaði að sýna í verki, að hann vilji beita þeim rétti, er í ákvæðinu felst, til þess að það verði virkt með þeirri afleiðingu, að öll skuldin sé í gjalddaga fallin.* [leturbreyting höfundar]

Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 150/2007 er lagt til að tekin verði af öll tvímæli í þessum efnunum þannig að kröfuhafi þurfi að sýna vilja í verki ef hann vill beita rétti sínum til gjaldfellingar svo að fyrningarfrestur hefjist.²⁶ Þrátt fyrir þessar athugasemdir þá kaus Hæstiréttar að vísa fremur til *Hrd. 1998, bls. 3253 (480/1997)* í niðurstöðu sinni í *Hrd. 2. desember 2010 (242/2010)* þar sem gjaldfellingarákvæði var túlkað þannig að gjaldfelling tæki sjálfkrafa gildi við vanskil og því var öll krafan talin fyrnd. Í því tilviki áttu eldri lög nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda að vísu við, en áðurgreindir dómar *Hrd. 1998, bls. 3253 (480/1997)* og *Hrd. 1998, bls. 642 (230/1997)*, féllu báðir í gildistíð þeirra laga. Hvað núgildandi lög nr. 150/2007 varðar þá verður að hafa í huga þær skýringar sem fram koma í athugasemdum við frumvarp laganna en samkvæmt þeim er lagt til að Hæstiréttur fylgi fremur fordæmi *Hrd. 1998, bls. 642 (230/1997)*.

6.2.6 Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936

Ef samningur er ógildur samkvæmt III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 (hér eftir skammstöfuð smnl.) þá getur kröfuhafi ekki krafist efnda samkvæmt samningnum, og þar af leiðandi getur hann ekki gjaldfellt hann. Hér verða til skoðunar 36. gr. og 36. gr. a-d smnl.

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. smnl. má víkja samningi til hliðar í heild sinni eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Í 2. mgr. 36. gr. smnl. segir að við matið á því hvort til greina komi að beita ákvæðinu skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Við lögfestingu ógildingarreglu 36. gr. smnl. var sérstaklega vikið að því að samningar þar sem vanefndaheimildir eru takmarkaðar eða auknar væru meðal tilvika sem gætu fallið undir regluna. Ekki verður séð af dómaframkvæmd að reynt hafi á ógildingarreglu 36. gr. smnl. í beinum tengslum við gjaldfellingarákvæði í samningi. Hafa verður í huga að 36. gr. smnl. er undantekningarregla sem beita verður af varfærni og aðeins ef veigamikil rök mæla með því,

²⁶ Alpt. 2007-08, A-deild, þskj. 67, 135. lögþ., athugasemdir við 2. gr.

líkt og gildir um aðrar ógildingarreglur samningaréttar. Leggja verður til grundvallar heildarmat á viðkomandi samnings sambandi og eðli vanefndar þegar metið er hvort beita skuli reglunni.²⁷

Neytendum er veitt enn frekari vernd með ákvæðum 36. gr. a-d smnl., en þau gilda um alla samninga, m.a. samningsskilmála sem ekki hefur verið samið sérstaklega um, enda séu samningarnir hluti af starfsemi atvinnurekanda en í meginatriðum ekki partur af starfsemi neytandans. Í þessu samhengi er áhugavert að skoða nánar 36. gr. b smnl., en samkvæmt því ákvæði skal skriflegur samningur, sem atvinnurekandi býður neytanda upp á, vera á skýru og skiljanlegu máli. Komi upp vafi um merkingu samningsins skal túlka hann neytandanum í hag. Þetta er í samræmi við andskýringarregluna (*l. in dubio pro contra stipulatorem*) en það er sú skýringarregla sem er að jafnaði beitt í norrænum fjármunarétti. Samkvæmt henni eru samningsákvæði sem eru óljós eða umdeilanleg skýrð þeim aðila í óhag sem hefur samið þau einhliða.²⁸ Í *Hrd. 30. mars 2010 (442/2009)* túlkaði Hæstiréttur ákvæði í samningi aðila í samræmi við andskýringarregluna og komst að svohljóðandi niðurstöðu:

Við skýringu orðalags skilmálanna verður að hafa í huga að þeir eru einhliða samdir af stefnda, sem stundar fjármálastarfsemi og er sérfræðingur á því sviði, og að þeir eru einhliða í þágu stefnda. Stefndi verður því að bera halla af óljósu orðalagi þeirra, sé ekki sannað að úr óvissu hafi verið bætt með kynningu eða á annan hátt.

Kröfuhafi og skuldari hafa því báðir hagsmuni af því að samningsákvæði séu skýr og afdráttarlaus. Andskýringarreglan felur þannig í sér hvort tveggja, almenn varnaðaráhrif og réttarvernd. Í varnaðaráhrifum reglunnar felst að sá sem semur samninginn er hvattur til að vanda til verka þannig að samningsákvæði séu skýr. Reglan veitir einnig neytendum réttarvernd með þeim hætti að þeir verða ekki taldir hafa lofað meiru en efni stóðu til.²⁹

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim sérlögum sem gilda um gjaldfellingarákvæði. Þeirri umfjöllun er hér með lokið og næst verður greint frá þeim sjónarmiðum sem mótast hafa í íslenskri réttarframkvæmd.

²⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 338-339.

²⁸ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 5-6.

²⁹ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 5-6.

6.3 Sjónarmið í íslenskri réttarframkvæmd

Lánveitandi er oft í mun sterkari stöðu en lántaki og getur í krafti þeirrar stöðu samið um rýmri vanefndaúrræði en ella myndu gilda samkvæmt almennum reglum. Gjaldfellingarákvæði hafa verið talin einkar hörð í garð skuldara og hafa íslenskir dómstólar tekið mið af því í framkvæmd sinni. Slík ákvæði hafa því almennt ekki verið túlkuð afdráttarlaust samkvæmt orðalagi sínu heldur hafa dómstólar tekið tillit til ýmissa sjónarmiða og ræður heildarmat á aðstæðum niðurstöðunni hverju sinni.³⁰ Verður þessu næst vikið nánar að þeim sjónarmiðum sem almennt koma til skoðunar í réttarframkvæmd.

6.3.1 Tillitsskylda

Á aðilum samnings hvílir gagnkvæm tillitsskylda og getur hún falist í því að samningsaðili geti ekki haldið fram ítrasta rétti samkvæmt samningi ef það leiðir til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir gagnaðila. Samningsaðili getur því þurft að fallast á ákveðnar breytingar á samningi ef það hefur ekki í för með sér teljandi kostnað, áhættu eða óhagræði fyrir hann.³¹

Dómstólar hafa gert ríkari kröfur til banka og lánastofnana um að þessar stofnanir sinni tillitsskyldu við viðsemjendur sína. Á þetta einkum við þegar viðsemjendurnir eru einstaklingar.³² Ef lánveitandi og lántaki eru jafnsettir er ólíklegra að ríkari kröfur yrðu gerðar til annars þeirra.

6.3.2 Tilkynning um gjaldfellingu

Orðalag í samningi getur bæði verið á þá leið að gjaldfelling verði sjálfkrafa við vanskil eða að kröfuhafa sé heimilt að beita henni. Ekki er útilokað að ólíkt orðalag skuldaskjala geti haft mismunandi réttaráhrif.³³ Í dómaframkvæmd virðist ýmist lagt til grundvallar að kröfuhafi tilkynni skuldara um beitingu gjaldfellingarárræðis eða að gjaldfelling taki sjálfkrafa gildi við vanskil. Í *Hrd. 27. nóvember 2009 (655/2009)* reyndi einmitt á þetta atriði, en í niðurstöðu Hæstaréttar segir m.a.:

Í fyrrgreindum skilmálum skuldabréfa Samsonar eignarhaldsfélags ehf. í 1. flokki 2005, sem ætla verður að skilmálar skuldabréfa í 4. flokki 2007 hafi að þessu leyti svarað efnislega til, var kröfuhafa veitt heimild til að „gjaldfella skuldina“ eða „fella skuldina í gjalddaga *fyrirvaralaust* og *án uppsagnar*“ vegna nánar tilgreindra ástæðna. Til að neyta vanefndaúrræðis eins og þessa verður kröfuhafi að beina tilkynningu um það til skuldara og hefur slík ákvæði áhrif gagnvart skuldaranum frá því að hún berst honum, en í skilmálum skuldabréfanna voru engin ákvæði, sem heimiluðu sóknaraðila að víkja frá þeirri almennu

³⁰ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 41.

³¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 93.

³² Viðar Már Matthíasson: „Trúnaðarskyldan við gerð, framkvæmd og slit samninga“, bls. 194.

³³ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 221.

reglu. Í málinu liggur ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi beint slíkri tilkynningu til Samsonar eignarhaldsfélags ehf. áður en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta og breyta þar engu áður nefnd innheimtubréf hans, sem dagsett voru 4. nóvember 2008. [leturbreyting höfundar]

Út frá niðurstöðu Hæstaréttar má draga þrjár ályktanir. Í fyrsta lagi að í gildi sé sú almenna regla að beiting vanefndaúrræðis samkvæmt samningi sé ákvöð, sem hefur ekki gildi gagnvart skuldara fyrr en honum berst tilkynning frá kröfuhafa um að hann ætli að beita úrræðinu. Í öðru lagi að víkja megi frá þeirri almennu reglu með skilmálum í samningi. Loks má draga þá ályktun að innheimtubréf fullnægi ekki skilyrði almennu reglunnar um tilkynningu.

Eins og áður var nefnt þá er gjaldfelling í raun riftun á því ákvæði samnings sem varðar greiðslufyrirkomulag. Sama almenna regla er talin gilda um riftun, þ.e. riftunaryfirlýsing er ákvöð og hefur því gildi þegar hún er komin til viðtakanda. Samningsákvæði sem ætlað er að víkja frá þessari meginreglu verður eðli máls samkvæmt að vera skýrt og afdráttarlaust. Í hæstaréttardóminum hér að framan kvað samningsákvæðið á um að skuldin yrði felld í gjalddaga „fyrirvaralaust og án uppsagnar“. Þetta orðalag var ekki talið fela í sér undantekningu frá meginreglunni. Þrátt fyrir þetta má finna dóma þar sem niðurstaðan virðist ganga í gagnstæða átt. Í því samhengi má nefna *Hrd. 2. desember 2010 (242/2010)* þar sem í samningi aðila var kveðið á um að lán yrði gjaldfellt „án uppsagnar“ og var það túlkað þannig að gjaldfelling tæki sjálfkrafa gildi við vanskil. Einnig má vísa til ummæla héraðsdóms í máli *Hrd. 29. janúar 2014 (812/2013)*, en þar segir:

Varnaraðili hafði heimild til þess að gjaldfella skuldabréfið í heild sinni samkvæmt ákvæðum bréfsins sjálfs en í skilmálum þess kemur fram að heimilt sé að gjaldfella skuldina *fyrirvaralaust* og *án uppsagnar* verði vanskil á greiðslu afborgana. Varnaraðila var því rétt við vanskil að gjaldfella veðskuldabréfið í heild sinni án sérstakrar tilkynningar til sóknaraðila. [leturbreyting höfundar]

Af ofangreindum dómum verður ekki séð að blæbrigðamunur á orðalagi gjaldfellingarákvæðanna réttlæti mismunandi niðurstöðu dómstóla. Þrátt fyrir misræmi í dómaframkvæmd þá má draga þá ályktun að niðurstaða Hæstaréttar í *Hrd. 27. nóvember 2009 (655/2009)* standi óhöggud. Eins og fram kom í kafla 6.2.5 er almennt við það miðað að kröfuhafi þurfi að sýna vilja í verki til þess að gjaldfelling taki gildi og fyrningarfrestur hefjist. Eðlilegt væri að gera sömu kröfu varðandi beitingu gjaldfellingar almennt.

6.3.3 Lengd greiðsludráttar

Eitt af þeim sjónarmiðum sem litið hefur verið til í réttarframkvæmd er lengd greiðsludráttar.³⁴ Á þetta sjónarmið hefur reynt í þó nokkrum dómum Hæstaréttar. Í *Hrd. 1976, bls. 474* var gjaldfellingarákvæði í veðsamningi þar sem kveðið var á um að öll skuldin væri fallin í gjalddaga ef vanskil yrðu á greiðslu afborgana og vaxta. Gjalddagi var 1. október 1974. Skuldari fékk tilkynningu um gjaldfellingu 12. október og geymslugreiddi hina gjaldföllnu afborgun sautján dögum síðar, eða þann 29. október. Greiðsludrátturinn var talinn slíkur að gjaldfelling væri heimil. Í *Hrd. 1981, bls. 26* var gjaldfellingarákvæði í veðskuldabréfi þar sem kveðið var á um að allur höfuðstóll lánsins væri þegar í stað fallinn í gjalddaga án fyrirvara eða viðvörunar, ef dráttur yrði á greiðslu vaxta eða afborgana. Gjalddagi var 1. nóvember 1977. Skuldari fékk greiðslukröfu 6. eða 7. nóvember og fór í bankann til að greiða þann 11. eða 12. sama mánaðar, en þá hafði bréfið verið tekið úr bankanum. Gjaldfelling var tilkynnt með bréfi tíu dögum eftir gjalddaga eða 16. nóvember og í þeirri tilkynningu var sagt að uppboðs yrði krafist ef kröfurnar yrðu ekki greiddar innan átta daga. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að gjaldfelling var ekki talin heimil þann dag. Í báðum þessum málum höfðu veðsamningar að geyma gjaldfellingarákvæði en í hvorugu tilviki var tilgreind lengd þess greiðsludráttar sem réttlætti gjaldfellingu. Við þessar aðstæður virðist Hæstiréttur meta það hvort greiðsludráttur sé slíkur að hann geti talist verulegur og þar með sé heimilt að gjaldfella lán.

Athyglisvert er að skoða þetta álitaefni með hliðsjón af geymslugreiðslu. Í *Hrd. 1979, bls. 211* var gjalddagi samkvæmt handhafabréfi 1. júní 1977. Skuldari fékk tilkynningu um að bréfið væri til innheimtu þann 10. júní og fór hann í bankann þann 15. sama mánaðar til að greiða afborgunina, en skuldabréfið hafði verið tekið úr vörslu bankans. Svo fór að skuldari geymslugreiddi hina gjaldföllnu afborgun daginn eftir, þ.e. 16. júní, að vísu í öðrum banka og án þess að tilkynna kröfuhafa um það sérstaklega. Fyrr um morguninn hafði kröfuhafi sent skuldara símskeyti um að öll skuldin væri fallin í gjalddaga. Meirihluti Hæstaréttar taldi ósannað að það hefði borist skuldara og að greiðsludráttur hefði ekki verið slíkur að hann heimilaði gjaldfellingu. Benedikt Sigurjónsson skilaði sératkvæði þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að gjaldfelling væri heimil en þar segir m.a.:

Eigi hirti áfrýjandi um að gera ráðstafanir til þess að greiða stefnda hina gjaldföllnu afborgun og vexti eftir móttöku símskeytisins 16. júní 1977, og ekki sendi hann stefnda tilkynningu um geymslu fjár þessa í banka. Er ekki sannað, að stefndi hafi um hana vitað fyrr en í þinghaldi 16. september 1977.

³⁴ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 41.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um geymslufé nr. 9/1978 skal skuldari tilkynna kröfuhafa um greiðslu á geymslureikning án ástæðulauss dráttar. Í athugasemdum greinargerðar sem fylgdi frumvarpi til laganna segir að vanræksla skuldara á tilkynningarskyldu geti leitt til bótaskyldu, en innborgunin á geymslureikning haldi samt sem áður gildi sínu. Réttarframkvæmd er hins vegar misvísandi.³⁵ Í *Hrd. 1985, bls. 1268* var niðurstaða meirihluta Hæstaréttar í samræmi við minnihlutann í *Hrd. 1979, bls. 211*.

Páll Hreinsson dregur þá ályktun í bókinni *Viðskiptabréf* að greiðsludráttur þurfi að hafa varað í a.m.k. 15 daga svo til greina komi að gjaldfella skuldabréf og er þá líklega átt við þau tilvik þar sem ekki er skýrlega samið um annað.³⁶ Dómarnir sem reifaðir eru hér að framan fjalla allir um veðskuldabréf. Eins og áður kom fram er 9. gr. svl. frávíkjanleg uppsagnarregla og gildir þótt hefðbundið uppsagnarákvæði skorti í samning. Í þeim tilvikum hlýtur það einkum að hafa þýðingu hvernig dómstólar túlka verulegan greiðsludrátt. Það sama gildir væntanlega þegar gjaldfellingarákvæði tilgreinir ekki lengd þess greiðsludráttar sem telst verulegur, líkt og í áður nefndum dómum. Í mörgum samningsákvæðum er hins vegar tiltekinn sá greiðsludráttur sem talinn er verulegur, sbr. t.d. *Hrd. 15. desember 2011 (244/2011)* en þar var miðað við 15 daga greiðsludrátt. Slíkt orðalag er til þess fallið að auka fyrirsjáanleika gjaldfellingarákvæðisins enda er hugtakið „verulegur greiðsludráttur“ háð mati.

6.3.4 Lítill hluti heildarskuldar í vanskilum

Það getur skipt máli hversu stór hluti skuldar er í vanskilum.³⁷ Í *Hrd. 2006, bls. 1241 (127/2006)* var skuldabréf í skilum að öðru leyti en því að dráttarvextir sem féllu til vegna greiðsludráttar skuldara voru ógreiddir. Hæstiréttur leit m.a. til þess að vanskil á greiðslu dráttarvaxtanna nam aðeins litlum hluta af eftirstöðvum heildarskuldarinnar. Eins og áður hefur komið fram þá ræður heildarmat á öllum aðstæðum niðurstöðunni hverju sinni. Í *Hrd. 2006, bls. 1241 (127/2006)* voru fleiri álitaefni uppi en skuldari hafði einnig greitt afborgun of seint í fleiri skipti og kröfuhafi hafði látið það viðgangast athugasemdalaust.

³⁵ Alþt. 1977-78, A-deild, þskj. 302, 99. lögþ., athugasemdir við 2. gr.

³⁶ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 41.

³⁷ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 41.

6.3.5 Kröfuhafi hefur áður látið greiðsludrátt óátalinn

Hafi kröfuhafi umborið greiðsludrátt skuldara í eitt eða fleiri skipti getur það haft þau áhrif að slíkur dráttur teljist ekki verulegur. Það hefur í för með sér þær afleiðingar að kröfuhafi getur ekki beitt vanefndaúrræðum á borð við gjaldfellingu af því tilefni.³⁸ Í áðurgreindum dómi Hæstaréttar *Hrd.* 2006, bls. 1241 (127/2006) var gjaldfelling ekki talin heimil. Í forsendum réttarins segir m.a.:

Þá verður að hafa í huga að gögn málsins bera með sér að greiðslur fyrri afborgana af umræddu skuldabréfi höfðu í öllum tilvikum dregist nokkra mánuði fram yfir réttan gjalddaga, að því er virðist án athugasemda af hálfu kröfuhafa og leiddi sá greiðsludráttur ekki til gjaldfellingar skuldabréfsins.

Þessi aðstaða kann að breytast ef kröfuhafi tilkynnir skuldara með hæfilegum fyrirvara, að greiðslur skuli framvegis berast á réttum tíma, þ.e. í samræmi við efni samnings.³⁹ Í *Hrd.* 1941, bls. 227 höfðu afborganir oft verið greiddar seint og afborgun 14. maí 1938 var enn ógreidd í byrjun árs 1941. Til að afstýra gjaldfellingu samþykkti eiginmaður skuldara tilteknar breytingar á skuldabréfinu og greiddi afborgunina sem fallin var í gjalddaga. Skuldari vildi hins vegar ekki una þessum breytingum og taldi kröfuhafi sig þá lausan undan loforði sínu og gjaldfelldi ógreiddar eftirstöðvar bréfsins. Hann var talinn hafa heimild fyrir því enda voru breytingarnar taldar veruleg forsenda fyrir gjaldfresti.

6.3.6 Vilji og geta til greiðslu

Reglan um vilja og getu skuldara til að greiða er óskráð regla sem myndast hefur í réttarframkvæmd og verndar þá skuldara sem greiða ekki á réttum tíma vegna mistaka eða misskilnings. Inntak reglunnar felst í því að skammur greiðsludráttur hefur ekki í för með sér alvarlegar vanefndaafleiðingar eins og riftun eða gjaldfellingu, enda er vilja eða getu skuldara ekki um að kenna. Við þessar aðstæður verður að hafa það í huga að greiðsludráttur er vanefnd, þótt hann verði vegna mistaka eða misskilnings. Reglan gerir það hins vegar að verkum að afleiðingar vanefndarinnar ganga skemur en ella. Reglunni verður beitt hvort sem vanefnd skuldara megi rekja til misskilnings um staðreyndir eða lagaatriði, eða þegar þekkingarleysi hans er um að kenna. Það útilokar ekki beitingu reglunnar þótt þriðji maður sé valdur að mistökunum.⁴⁰

³⁸ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 223.

³⁹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 223.

⁴⁰ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 248.

Í þessu samhengi má nefna *Hrd. 1993, bls. 1014*, þar sem kröfuhafi greip til gjaldfellingar eftir að skuldari var búinn að geymslugreiða gjaldfallna afborgun. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að skuldari hefði sýnt nægilega fram á vilja sinn og getu til greiðslu afborgunar og því var gjaldfelling ekki talin heimil. Einnig er áhugavert að skoða *Hrd. 1983, bls. 963*, þar sem skuldari átti að greiða 50.000 kr. á gjalddaga. Kröfuhafi fól Útvegsbanka Íslands að innheimta skuldina og gerði starfsmaður bankans þau mistök að senda kröfu að fjárhæð 5.000 kr. í stað 50.000 kr. Skuldari fékk í kjölfarið tilkynningu um gjaldfellingu. Daginn eftir geymslugreiddi skuldari það sem vantaði upp á afborgunina, þ.e. 45.000 kr. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir:

Ekki er ástæða til að ætla, að hann hafi skort vilja eða getu til að greiða hina gjaldföllnu fjárhæð. Verður því ekki talið, að áfrýjandi hafi að svo komnu getað krafist stefnda um greiðslu á öllum eftirstöðvum skuldabréfsins auk vaxta.

Ef skuldari ætlar að koma í veg fyrir gjaldfellingu með greiðslu eftir gjalddaga, þá verður greiðsluframboð hans að vera fullnægjandi sbr. *Hrd. 1957, bls. 559*. Í því tilvikum heimiluðu vanskil gjaldfellingu þar sem innborgun eftir gjalddaga var ekki nægileg.⁴¹

6.3.7 Greiðsla bundin ólögmætum skilyrðum

Litið er til þess hvort kröfuhafi hafi bundið greiðslu ólögmætum skilyrðum, svo sem greiðslu annarrar kröfu. Í slíkum tilvikum er um viðtökudrátt af hans hálfu að ræða sem leiðir til þess að gjaldfelling er ekki talin heimil.⁴² Í þessu samhengi má nefna *Hrd. 1981, bls. 26*, þar sem lánveitandi tilkynnti skuldara um gjaldfellingu skuldabréfs en krafðist jafnframt greiðslu annarrar kröfu á hendur honum. Skuldari bauð fram gjaldfallna afborgun skuldabréfsins en lánveitandi neitaði viðtöku hennar nema umrædd krafa væri einnig greidd. Hæstiréttur taldi að kröfuhafi hefði ekki mátt tengja greiðslu af skuldabréfinu við greiðslu annarrar kröfu.

Þegar skuldari vanefnir eina kröfu getur það gefið lánveitanda tilefni til að óttast að vanefndir verði á fleiri kröfum. Lánveitandi getur því haft hagsmuni af því að tengja greiðslu tiltekinnar kröfu við aðrar kröfur. Slík ákvæði nefnast afleiddar vanefndir (*e. cross default*). Þegar samningur hefur að geyma slíkt ákvæði, þá er eðli máls samkvæmt ekki um ólögmæt skilyrði að ræða.⁴³

⁴¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 225.

⁴² Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 41.

⁴³ Henrik Kure: *Finansieringsret*, bls. 359.

6.3.8 Tjón kröfuhafa

Eitt af þeim sjónarmiðum sem Páll Hreinsson nefnir í bókinni *Viðskiptabréf* er hvort greiðsludráttur hafi haft í för með sér tjón fyrir kröfuhafa.⁴⁴ Eins og fyrr var getið þá liggur sjónarmið um fyrirsjáanlega vanefnd til grundvallar gjaldfellingarheimildum. Ef skuldari vanefnir samning þá getur það gefið kröfuhafa tilefni til að óttast að slíkt muni bera að höndum aftur. Greiðsludráttur getur stafað af lélegri greiðslugetu og neikvæðum greiðsluvilja skuldara. Eðli máls samkvæmt geta slík viðskipti ekki verið hagstæð fyrir lánveitanda. Að auki þá tryggja vextir af fjárkröfu ekki alltaf fullar bætur vegna þess tjóns sem verður sökum greiðsludráttar.⁴⁵ Í þessu sambandi þarf hins vegar að meta hvert einstakt tilvik og greina orsakir vanefndar. Ef hún á til að mynda rót sína að rekja til misskilnings og ef skuldara skortir hvorki vilja né getu til að greiða þá gefur það lánveitanda ekki tilefni til að ætla að vanefnd sé fyrirsjáanleg.

6.3.9 Jafnstæðir aðilar

Ákveðinn sanngirnismælikvarði er lagður til grundvallar í þeirri réttarframkvæmd sem fjallað hefur verið um hér að framan, og þá sérstakt tillit tekið til skuldara. Rökin fyrir þessari framkvæmd eru þau að skuldarar eru oft einstaklingar sem eru í mun lakari samningsstöðu en lánveitandi. Þegar lántakar eru öflugir lögaðilar sem njóta sérfræðiaðstoðar við gerð samninga, þá er staðan eðli máls samkvæmt önnur. Í því tilviki er ekki sami munur á stöðu kröfuhafa og skuldara. Slíkir aðilar eiga að vera fullfærir um að gæta hagsmuna sinna við samningsgerð og gera sér grein fyrir þeim afleiðingum sem samningurinn getur haft í för með sér. Dómaframkvæmd ber með sér að dómstólar séu síður reiðubúnir til að víkja frá orðalagi samnings þegar aðilar eru jafnstæðir. Sá sanngirnismælikvarði sem lagður er til grundvallar í réttarframkvæmd hefur þar af leiðandi minni þýðingu þegar jafnræði er með aðilum.⁴⁶

Í þessu sambandi má nefna *Hrd. 23. maí 2011 (77/2011)*, þar sem tveir jafnstæðir aðilar, ALMC hf. og Landsbankinn hf., deildu m.a. um heimild til gjaldfellingar eða riftunar tiltekinna afleiðusamninga. Vísað var til svokallaðra SFF-skilmála í samningi aðila. Gjaldfelling eða riftun var talin heimil þrátt fyrir að ákvæði þess efnis væri ekki að finna í samningnum sjálfum heldur aðeins í þeim skilmálunum sem samningurinn vísaði til. Niðurstaðan hefði mögulega orðið önnur ef skuldari hefði verið neytandi en í þeim tilvikum gilda ákvæði 36. gr. a-d smnl.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem mótast hafa í íslenskri réttarframkvæmd og við hvaða aðstæður þau sjónarmið eru lögð til grundvallar, þ.e. þegar

⁴⁴ Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf*, bls. 41.

⁴⁵ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 87.

⁴⁶ Stefán A. Svensson: „Úrræði lánveitanda við vanefndir lántaka I – Gjaldfelling lánasamninga“, bls. 15.

lántaki stendur höllum fæti í samanburði við lánveitanda. Næst verður greint frá þeim afleiðingum sem gjaldfelling getur haft í för með sér.

6.4 Afleiðingar gjaldfellingar

Gjaldfelling samnings hefur þær afleiðingar í för með sér að öll skuldin er fallin í gjalddaga. Kröfuhafi verður fyrir tjóni ef greiðsla skuldara dregst fram yfir réttan gjalddaga þar sem hann hefði annars getað látið peningana bera vexti. Bætur fyrir þess háttar vaxtatap nefnast dráttarvextir.⁴⁷ Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 (hér eftir skammstöfuð vxtl.) er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti og eru þeir reiknaðir af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi, hafi gjalddagi verið fyrirfram ákveðinn. Samkvæmt því ætti gjaldfallið lán að bera dráttarvexti frá og með þeim degi er gjaldfelling tók gildi þ.e. þegar tilkynning þess efnis barst skuldara. Í *Hrd. 17. desember 2015 (303/2015)* snerist ágreiningur um það við hvaða dag miða ætti upphafstíma dráttarvaxta. Héraðsdómur taldi að gjaldfelling hefði tekið sjálfkrafa gildi við vanskil og miðaði upphafstíma dráttarvaxta við þann dag er lánið var gjaldfellt í samræmi við ákvæði samningsins. Hæstiréttur komst að annarri niðurstöðu og taldi ekki liggja fyrir hvenær kröfuhafi hefði lýsti yfir gjaldfellingu eftirstöðva lánsins, og ekki heldur hvenær ætlaðar vanefndir hefðu byrjað. Óvissan um það hvenær kröfuhafi gjaldfelldi lánið var túlkuð skuldara í hag og fallist á að miða bæri upphafstíma dráttarvaxta við þingfestingu málsins í héraði. Niðurstaðan var því í samræmi við 4. mgr. 5. gr. vxtl.

Að baki lánasamningum liggja oft tryggingarréttindi, til að mynda ábyrgðir eða veð. Ef skuldari greiðir ekki gjaldfallna skuld er, að vissum skilyrðum uppfylltum, hægt að ganga að ábyrgðarmönnum eða að veði sem skuldari lagði láninu til grundvallar. Hvað ábyrgðarmenn varðar þá þarf lánveitandi að gæta 4. mgr. 7. gr. ábl., eins og nánar var rakið í kafla 6.2.1. Hvað viðkemur veðréttindum þá getur veðhafi aflað sér aðfararheimildar með því að höfða mál á hendur veðsala, sem ber persónulega ábyrgð á skuldbindingu, og fengið hann dæmdan til að greiða skuld eða gert við hann sátt. Dómurinn eða sáttin felur í sér aðfararheimild, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989 (hér eftir skammstöfuð aðfl.) og getur veðhafi í kjölfarið látið gera fjárnám í veðinu. Í 7. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfl. er veðhafa, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, heimilt að leita aðfarar fyrir veðskuld, þó svo að aðfararheimildar hafi ekki verið aflað með venjubundnum hætti. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 er

⁴⁷ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 216.

heimilt að krefjast nauðungarsölu á eign til fullnustu kröfu ef það er tekið fram í samningnum berum orðum að nauðungarsala megi fara fram án undangengins dóms, sáttar eða fjarnáms.⁴⁸

Þess ber að geta að samkvæmt 24. gr. a laga um lögmenn nr. 77/1998, er lögmönnum óheimilt við löginneimtu að áskilja sér endurgjald af þeim hluta kröfu sem fallinn er í gjalddaga vegna gjaldfellingar sökum vanefnda skuldara á greiðslu afborgunar eða vaxta. Því er einungis heimilt að taka kostnað af þeim hluta kröfunnar sem kominn var á gjalddaga við upphaf innheimtunnar og þeim hluta sem fellur í gjalddaga síðar.

Hvað viðkemur ólögmati gjaldfellingu þá myndi hún leiða til þess að lántaki yrði sýknaður af kröfu lánveitanda um gjaldfellingu. Málaferlin gætu sannarlega verið tímafrek og valdið lántaka óþægindum og eftir atvikum kostnaði. Afleiðingarnar þyrftu ekki nauðsynlega að ganga lengra. Í eðli sínu þarf slíkt ekki endilega að hafa í för með sér nein teljandi áhrif fyrir lántaka. Stefán A. Svansson veltir því fyrir sér, í grein sinni *Úrræði lánveitanda við vanefndir lántaka I – Gjaldfelling lánasamninga*, hvaða áhrif það gæti haft í för með sér ef ólögmat gjaldfelling myndi valda því að aðrir lánveitendur gjaldfelldu sínar lánveitingar með tilheyrandi tjóni fyrir lántaka. Ekki verður séð að reynt hafi á slíkt í íslenskri réttarframkvæmd. Hafa má hliðsjón af enskum dómi, *Crimpfil Ltd v Barclays Bank plc [1995] CLC 385, CA*, en í því tilviki hafði lánveitandi gjaldfellt lánssamning án réttmætrar ástæðu sem hafði m.a. neikvæð rekstrarleg áhrif í för með sér. Lánveitandinn var dæmdur til að greiða lántaka skaðabætur. Það er viðbúið að réttarstaðan sé svipuð í íslenskum rétti. Þannig gæti ólögmat gjaldfelling eftir atvikum valdið lánveitanda skaðabótaábyrgð. Í því samhengi má hafa hliðsjón af þeirri framkvæmd sem gildir um ólögmeta riftun, en slíkt hefur talið varða bótaábyrgð. Réttur til skaðabóta yrði auðvitað háður öðrum skilyrðum bótaábyrgðar, s.s. um orsakatengsl og vávæni.⁴⁹

6.5 Erlend réttarframkvæmd

Hér að framan hefur umfjöllunin einskorðast að mestu við íslenska réttarframkvæmd. Hafa verður í huga að aðilar geta samið um að samningur lúti erlendum lögum þannig að bindandi sé fyrir báða aðila. Þessi meginregla kemur fram í 1. mgr. 3. gr. laga um lagaskil á sviði samningaréttar nr. 43/2000. Reglan er viðurkennd sem meginregla í lagaskilarétti á sviði samningaréttar um allan heim, en hún sækir stoð sína í grundvallarregluna um samningsfrelsið. Aðilar þurfa í raun ekki að taka afstöðu til lagavals í samningnum sjálfum, heldur nægir að það verði ráðið af honum án skynsamlegs vafa. Samningsaðilar geta samið um að tiltekin lög skuli gilda um samninginn í heild sinni eða að hluta. Þannig getur verið að reglur eins lands eigi við

⁴⁸ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 280-282.

⁴⁹ Stefán A. Svansson: „Úrræði lánveitanda við vanefndir lántaka I – Gjaldfelling lánasamninga“, bls. 19-20.

um ákveðinn hluta samningsins, en reglur annars lands eigi við um aðra hluta hans. Með 3. mgr. 3. gr. laganna er komið í veg fyrir að aðilar geti sniðgengið ófrávíkjanlegar reglur með því að vísa til laga annars lands, þegar samningur hefur í raun aðeins tengsl við eitt land.⁵⁰

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 hafa dómstólar vald til að dæma um hvert það sakarefni, sem lög og landsréttur ná til, nema það sé undanskilið lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu. Algengt er að aðilar semji um að tiltekinn gerðardómur leysi úr ágreiningi sem upp kemur í tilteknum lögskiptum. Þrátt fyrir að aðilar semji um lögsögu tiltekins gerðardóms þá verður að ætla að dómari vísi máli ekki frá án kröfu stefnda, enda er undanþágan frá lögsögu dómstóla háð samningsforræði aðilanna.⁵¹

Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða réttarframkvæmd sem er ólík þeirri sem lögð hefur verið til grundvallar á Íslandi. Hér verða til skoðunar þau sjónarmið sem gilda í enskum rétti en þar virðist lítil tilhneiging til að viðurkenna rétt dómstóla til að hverfa frá orðalagi samninga. Í ritinu *International Loans, Bonds, Guarantees, Legal Opinions* eftir Philip R. Wood segir:

In English law acceleration is not a void penal forfeiture. English law does not impose “good faith” duties on use of a clear clause, i.e. predictability is a priority.⁵²

Með öðrum orðum þá er megináhersla lögð á fyrirsjáanleika samningsákvæðisins. Enn fremur segir:

The English rationale of these cases is that business parties prefer effect to be given to their contracts as written and that the occasional abuse should be tolerated in the interest of this higher objective. In addition, the courts do not see their role as amending the agreement of the parties. For example, should a grace period be a day, three days, a week or a month? It is up to the parties to agree grace periods if they want to and indeed in practice considerable time in negotiations is spent on negotiating grace periods and other relaxations to events of default.⁵³

Samkvæmt þessu telja enskir dómstólar það ekki vera í sínum verkahring að gefa gjaldfellingarákvæðum aðra merkingu en þau hafa samkvæmt orðanna hljóðan. Þannig er samningsfrelsið og skuldbindingargildi samninga talið hafa meira vægi en að tillit sé tekið til skuldara.

⁵⁰ Alpt. 1999-2000, A-deild, Þskj. 70, 125. lögþ., athugasemdir við 3. gr.

⁵¹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 123.

⁵² Philip R. Wood: *International Loans, Bonds, Guarantees, Legal Opinions*, bls. 114.

⁵³ Philip R. Wood: *International Loans, Bonds, Guarantees, Legal Opinions*, bls.116.

7 Samantekt og lokaorð

Engar almennar lagareglur eru í gildi um gjaldfellingarákvæði samkvæmt íslenskum rétti. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeirri réttarframkvæmd sem mótast hefur um slík ákvæði, þeim sérlögum sem eru í gildi og hugsanlegum afleiðingum gjaldfellingar. Að auki var vikið að þeirri almennu meginreglu sem gildir um lagaval á sviði samningaréttar og þeim sjónarmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar um gjaldfellingarákvæði í enskum rétti.

Gjaldfelling samnings hefur þær afleiðingar í för með sér að öll skuldin er fallin í gjalddaga. Í íslenskri réttarframkvæmd hefur ýmist verið lagt til grundvallar að kröfuhafi tilkynni skuldara um beitingu gjaldfellingarúrræðis eða að hún taki sjálfkrafa gildi við vanskil. Ekki er útilokað að ólíkt orðalag skuldaskjala geti haft mismunandi réttaráhrif. Það er hins vegar erfitt að draga ályktanir af dómaframkvæmd þar sem dómstólar hafa komist að mismunandi niðurstöðum, hvað þetta atriði varðar, þrátt fyrir að orðalag skuldaskjala sé sambærilegt. Af þeim dómum sem reifaðir eru verður ekki séð að blæbrigðamunur á orðalagi réttlæti þennan mun. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum um fyrningu kröfurettinda nr. 150/2007 er lagt til grundvallar að kröfuhafi þurfi að sýna vilja í verki til þess að gjaldfelling taki gildi og fyrningarfrestur hefjist. Eðlilegt er að leggja sömu reglu til grundvallar hvað varðar beitingu úrræðisins almennt.

Í réttarframkvæmd hafa verið gerðar strangar kröfur til skýrleika gjaldfellingarákvæða, í ljósi þess hve hörð þau geta verið gagnvart skuldara. Skýrleiki skiptir kröfuhafa einnig höfuðmáli, enda eru óskýr samningsákvæði að jafnaði túlkuð þeim aðila í óhag sem samdi þau einhliða. Þrátt fyrir að gjaldfellingarákvæði séu skýr að efni til, þá eru þau ekki endilega túlkuð samkvæmt orðanna hljóðan, sökum þess hve íþyngjandi þau geta verið í garð skuldara. Í þeim tilvikum hafa dómstólar lagt til grundvallar sanngirnissjónarmið sem mótast hafa í réttarframkvæmd. Þegar aðilar samnings eru jafnstæðir, þá er ólíklegt að slíkur mælikvarði ráði för. Sanngirnissjónarmiðin eiga því almennt aðeins við þegar skuldari er í lakari samningsstöðu en kröfuhafi. Athyglisvert er að skoða enska réttarframkvæmd í samanburði við íslenska en þar hefur fyrirsjáanleiki og orðalag samnings meira vægi en að tillit sé tekið til skuldara. Samkvæmt meginreglum um lagaval í samningarétti þá geta aðilar samið um að samningur lúti erlendum lögum og getur það, eftir atvikum, samrýmst hagsmunum aðila betur.

Sanngirnissjónarmiðin sem mótast hafa í íslenskri réttarframkvæmd hljóta að hafa hvað mesta þýðingu þegar kemur að frávíkjanlegri uppsagnarreglu 9. gr. svl., þ.e. í þeim tilvikum þegar gjaldfellingarákvæði skortir í veðsamning. Það sama hlýtur að gilda þegar gjaldfellingarákvæði er í samningi aðila en því er ábótavant. Þegar lánssamningur hefur að

geyma skýrt gjaldfellingarákvæði þá gæti niðurstaðan orðið önnur. Neytendum er veitt ákveðin vernd með lögum. Samkvæmt lögum um neytendalán, þá ber kröfuhafa að upplýsa skuldara á skýran og hnitmiðaðan hátt hverjar afleiðingar vangoldinna greiðslna eru. Þannig er lögð rík áhersla á það að lánveitandi geri skuldara grein fyrir því hvað felst í gjaldfellingarheimildum í samningnum. Neytandi hefur að auki rúman frest til umhugsunar og til að falla frá lánessamningi án þess að tilgreina ástæðu. Þá er enn fremur hægt að víkja samningi til hliðar í heild sinni eða að hluta til, eða breyta samkvæmt 36. gr. smnl., ef samningur aðila er talinn ósanngjarn eða ekki í samræmi við góða viðskiptavenju. Að auki er skuldara veitt sérstök vernd með 36. gr. a-d smnl. Þegar þessi lagaákvæði eru höfð í huga og sú neytendavernd sem þau veita, þá má velta því fyrir sér hvort þörf sé á þeim sanngirnissjónarmiðum sem mótast hafa í réttarframkvæmd. Niðurstaðan hlýtur að ráðast af atvikum hverju sinni og hefur þá þýðingu að greina vanefnd skuldara, einkum hvort hann hafi skort getu eða vilja til að greiða. Einnig getur framkoma kröfuhafa skipt máli, t.d. ef hann hefur látið greiðsludrátt viðgangast athugasemdalaust í fleiri skipti. Þá ber að hafa í huga grundvallarreglur samningaréttarins um samningsfrelsi og skuldbindingargildi samninga, svo og þann tilgang samningsbundinna vanefndaúrræða að auka fyrirsjáanleika.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Bernhard Gomard: *Obligationsret 2. del.* 3. útgáfa. Kaupmannahöfn 2003.

Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“. *Rannsóknir í félagsvísindum XIII. Lagadeild.* Ritstj. Hrefna Friðriksdóttir. Reykjavík 2012, bls. 1-10.

Henrik Kure: *Finansieringsret.* Kaupmannahöfn 2015.

Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar.* 3. útgáfa. Reykjavík 2013.

Ólafur Lárusson: *Kaflar úr Kröfurétti.* 2. útgáfa. Reykjavík 1965.

Páll Hreinsson: *Viðskiptabréf.* Reykjavík 2004.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur.* Reykjavík 2004.

Philip R Wood: *International Loans, Bonds, Guarantees, Legal Opinions.* 2. útgáfa. London 2007.

Stefán A. Svensson: „Úrræði lánveitanda við vanefndir lántaka I – Gjaldfelling lánasamninga“. *Tímarit Lögréttu*, 1. tbl. 2010, bls. 9-22.

Viðar Már Matthíasson: „Trúnaðarskyldan við gerð, framkvæmd og slit samninga“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 2000, bls. 190-216.

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu.* Reykjavík 2009.

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði.* Reykjavík 2011.

Þorgeir Örlygsson og Benedikt Bogason: *Kröfuréttur. Þættir.* Reykjavík 2014.

Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur.* Reykjavík 2010.

DÓMASKRÁ

Hrd. 1941, bls. 227

Hrd. 1957, bls. 559

Hrd. 1974, bls. 563

Hrd. 1976, bls. 474

Hrd. 1979, bls. 211

Hrd. 1981, bls. 26

Hrd. 1983, bls. 963

Hrd. 1985, bls. 1268

Hrd. 1993, bls. 1014

Hrd. 1998, bls. 642 (230/1997)

Hrd. 1998, bls. 3253 (480/1997)

Hrd. 2006, bls. 1241 (127/2006)

Hrd. 27. nóvember 2009 (655/2009)

Hrd. 30. mars 2010 (442/2009)

Hrd. 2. desember 2010 (242/2010)

Hrd. 23. maí 2011 (77/2011)

Hrd. 15. desember 2011 (244/2011)

Hrd. 29. janúar 2014 (812/2013)

Hrd. 19. október 2015 (196/2015)

Hrd. 5. nóvember 2015 (229/2015)

Hrd. 17. desember 2015 (303/2015)

Crimpfil Ltd v Barclays Bank plc [1995] CLC 385, CA